

Grundarfjarðarbær  
Grundargötu 30  
350 Grundarfjörður



Reykjavík 5. desember 2016  
UST201611-061/K.S.J.  
10.04.03

**Efni: Lýsing. Tillaga að deiliskipulagi áningastaðar við brúna yfir Kolgrafarfjörð á Snæfellsnesi**


Vísað er til erindis Grundarfjarðarbæjar er barst 9. nóvember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu tillögu deiliskipulags áningastaðar við brúna yfir Kolgrafarfjörð á Snæfellsnesi.


**Skipulagssvæðið**

Í lýsingu kemur fram að Grundarfjarðarbær áætla að koma upp góðri aðstöðu vestan megin við Kolgrafarbrú svo ferðamenn geti stöðvað farartæki á öruggan hátt og notið þess sem svæðið hefur upp á að bjóða.

Á yfirlitsmynd sem er skýringarmynd á bls. 7 í lýsingu, eru sýnd tvö svæði með annað með gulri brotalínu og hitt með rauðri brotalínu. Í lýsingu kemur fram að bílastæði, salerni, ruslagámur/tunnur og útsýnisstaðir/pallar ásamt upplýsingaskilti o.fl. eru áætluð innan þess svæðis sem merkt er með gulri brotalínu. Að mati Umhverfisstofnunar er svæðið innan gulu brotalínunnar nokkuð þröngt fyrir áningarsvæði og hætta á að bílar skyggi á sýn farartækja er framhjá fara og telur stofnunin að bílastæði og áningarsvæði eigi að vera innan rauðu brotalínunnar. Innan rauðu brotalínunnar er svæðið raskað næst vestari brúarendanum og einnig er þar svæði þar sem áður voru vinnubúdir þegar brú og fylling undir veg voru reist og á því svæði er gott rými fyrir ofangreindar framkvæmdir að mati stofnunarinnar.

Virðingarfyllst

  
Kristín S Jónsdóttir  
Sérfræðingur

  
Björn Stefánsson  
Sérfræðingur